

EFTIRLITSSKÝRSLA

Skeljungur Grindavík



Dags eftirlits	26.6.2012	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Skeljungur	Fulltrúi UST	
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Aðalsteinn Árnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	Staðsetning	331175,074 375060,032

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik frá kröfum í starfsleyfi fundust við eftirlit. Engin athugasemd er gerð við olúbirgðastöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Við komu í stöðina stóð yfir endurnýjun á stöðinni.

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Skeljungs í Grindavík, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Fráveitusýni var tekið 3. maí 2011 og mældist olía í frárennsli vera 10 mg/l og stóðst olúskiljan því kröfur. Komið er að endurmælingu í fráveitu.

Olía var tæmd úr olúskilju 4. maí 2011 og sandfang hreinsað þá um haustið. Loki í frárennsli frá þró stóð lokaður.

Tveir geymar eru í stöðinni og við komu í eftirlit stóðu þeir tómir en verið var að mála geymana að utan og innan. Einnig var verið að mála stöðvarhús og lagnir í stöðinni. Til stendur að botnþykktarmæla geyma nú að afloknum framkvæmdum. Lagnir þrýstiprófaðar 2009.

Girðing um stöðina hafði verið fjarlægð og stendur til að endurnýja girðinguna með nýju neti.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru til staðar.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró) og olúskilja.

ANNAÐ

Mæla þarf olíuleifar í frárennsli olúskilju á árinu.

Aukið öryggi væri í því að merkt væri við sveifina á loka í frárennsli þóar hvenær loki stendur opinn og hvenær hann stendur lokaður.

Reykjavík, 17.07.2012

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.